

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska gámafélagið Gufunes Reykjavík



Dags eftirlits	10.4.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska gámafélagið	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Gufunesvegi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470597-2289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Birgir Kristjánsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	Staðsetning	363053,302 408634,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Íslenska Gámafélagið starfar samkvæmt undanþágu umhverfis- og auðindaráðuneytisins sem gildir til 1. september 2018 en unnið er að nýju starfsleyfi.

Í eftirlitinu kom fram eitt nýtt frávik en úrbætur vegna fimm eldri frávíka voru staðfest í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðasta eftirlitsskýrsla og úrbætur útistandandi frávíka
2. Skráningar skv. grein 3.1 í starfsleyfi
3. Eftirlitsmælingar skv. grein 3.2 í starfsleyfi
4. Önnur gagnaskil skv. starfsleyfi
5. Önnur mál og skoðunarferð

1. Í síðasta eftirliti voru skráð fimm frávik frá starfsleyfi og var úrbótaáætlun vegna þeirra samþykkt með bréfi þann 13. desember 2016. Úrbætur vegna þessarar frávíka voru teknar út í eftirlitinu. Merkingar á spilliefnakörum hafa verið bættar, spilliefni sem bíða flokkunar eru geymd í kórum í lokuðum gámum. Þá hefur geymslu spilliefna í skemmu 7 verið hætt. Notast er við fiskikör og bamba með stórum plastpokum í spilliefnamóttökunni en einungis við viðurkennd spilliefnakör við flutninga. Ekki voru sýnileg raftæki utandyra en skv. upplýsingum frá rekstraraðila eru t.d. sjónvörp geymd utandyra í stutta stund þar til þeim er ráðstafað til viðurkennds móttökuaðila. Þá kom fram að ekki er vinnsla á spilliefnum í fyrirtækinu, einungis móttaka spilliefna, flokkun og ráðstöfun til viðurkenndra móttökuaðila.

2. Eyðublöð til skráningar við móttöku efna voru sýnd í eftirlitinu. Þeim skráningum er safnað saman í rafrænnann gagnagrunn þar sem haldið er utan um ráðstöfun og gjaldtöku úrgangans.

3. Lokað er fyrir niðurfall svo ekkert frárennsli rennur frá spilliefnamóttökunni. Verði leki er hann hreinsaður upp með ísogsefnum. Gólfíð í spilliefnamóttökunni þarfnast viðhalds þar sem að sprungur voru sjáanlegar og flagnað hefur upp úr því sum staðar svo það getur ekki talist fullkomlega lekað. Engar lekavarnir eru á plani við móttökuna né vöktun á frárennsli og því ekki leyfilegt að geyma neins konar spilliefni á planinu s.s. olíuúrgang.

4. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar skv. grein 3.4 var send eftirlitsaðila að loknu eftirliti og grænu bókhaldi var skilað 11. maí sl. Áhættumat gefur til kynna að litlar líkur er á bráðamengunarslysi vegna starfseminnar. Þá var gerð grein fyrir neyðaráætlun sbr. grein 3.5 í starfsleyfi í tölvupósti, slík áætlun þarf að vera aðgengileg og taka þarf fram í áætluninni hver ber ábyrgð á hverjum verkþætti.

5. Í skoðunarferð um lóðina kom í ljós töluvert magn af matarolíu sem geymd er í bömbum og tunnum utandyra án viðunandi lekavarna.

Frávik frá

Grein 3.5 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Neyðaráætlun liggur ekki fyrir í spilliefnamóttökunni. Í slíkri áætlun skal skýrt tekið fram hver ber ábyrgð á hverjum verkþætti sem og önnur skilyrði sem sett eru í grein 3.5 í starfsleyfi. Þá skal áætlunin vera aðgengileg fyrir viðeigandi ábyrgðaraðila innan fyrirtækisins. Leiðbeningar um gerð neyðaráætlunar var send rekstraraðila með eftirlitsskýrslunni.

ATHUGASEMDIR

Eftirlitsaðili vill benda á að nú stendur fyrir dyrum innleiðing á breytingarreglugerð við reglugerð nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækja úrgang. Í breytingunni er gerð krafa um að raf- og

rafeindatæki séu geymd þannig að bæði undirlag sé vatnshelt og með lekasöfnun en líka að tækin hafi einhvers konar ábreiðslu eða séu geymd innandyra.

ANNAÐ

Rekstraraðili vinnur að handbók fyrir viðskiptavini um meðferð og frágang á spilliefnum.

Rætt var um að halda samráðsfund í tengslum við vinnslu á nýju starfsleyfi á þessu ári.

Í eftirlitinu var staðfest geymsla á matarolíu í bömbum og tunnum víðsvegar um lóð Íslenska Gámafélagsins á plönun án lokaðrar fráveitu eða annarra lekavarna sem stangast við 12. grein reglugerðar um meðhöndlun úrgangs og 4. m. gr. í 9. gr laga 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Geymsla þessi er ekki hluti af spilliefnamóttöku en fellur undir starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.06.2018


Halla Einarsdóttir